



Samkomulag um samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Náttúruminjasafnsins Íslands (NMSÍ).  
Samningur  
Málsnúmer: 2012060008  
Bréfalyklar: 00.10 Þjóðminjavörður  
Eigandi skjals: Margrét Hallgrímsdóttir  
Staða: Í vinnslu  
Dagsetningar:  
Búið til: 12.10.2012  
Dags: 12.10.2012

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Þjóðminjasafn Íslands (710269-2389)  
Margrét Hallgrímsdóttir  
Þjóðminjavörður  
Suðurgötu 41  
101 Reykjavík  
Sími: 530 2200  
Fax: 530 2201

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN  
ÍSLANDS · REYKJAVÍK  
22. OKT. 2012  
Málsnr.: 201200019  
Bréfalykill: 01-5-4

## Samkomulag um samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns Íslands

Meginhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafraði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. NÍ varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins.

Meginhlutverk Náttúruminjasafns Íslands (NMSÍ) felst í að varpa ljósi á og miðla upplýsingum um náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

NÍ er vísindalegur og faglegur bakhjarl NMSÍ.

Stofnanirnar skulu hafa með sér náð samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Stofnanirnar munu starfa saman í samræmi við ofangreind meginhlutverk sín og ákvæði laga þar að lútandi, m.a. með eftirfarandi hætti:


1. NÍ veiti NMSÍ greiðan aðgang að safnkosti sínum vegna sýninga og annarrar starfsemi sinnar. NMSÍ veiti NÍ aðgang að safnkosti sínum vegna vísindarannsókna.
2. NÍ afhendi NMSÍ til lengri tíma (deponeri) muni sem verða hluti af grunnsýningu NMSÍ.
3. NÍ bjóði NMSÍ að samnýta aðstöðu sem stofnunin býr að til varðveislu og rannsókna á náttúrugripum sem verður aflað vegna miðlunar og vísindarannsókna á vegum NMSÍ.
4. Gott samstarf verði á milli stofnananna um gerð fræðsluefnis.
5. NÍ veiti NMSÍ aðstoð við öflun gripa vegna starfsemi sinnar, sem ekki verða fengnir með öðrum hætti.
6. NÍ verði vísindalegur og fræðilegur bakhjarl starfsemi NMSÍ eftir því sem við á.
7. Safnkostur NÍ er skráður í viðurkennda gagnagrunna sem NMSÍ verði aðili að og fái fullan aðgang að.
8. Starfsmenn NMSÍ fái starfsaðstöðu hjá NÍ tímabundið á meðan starfsemi NMSÍ er í mótun.
9. NMSÍ skal annast í samráði við NÍ aðstoð við aðila víða um land við uppsetningu sýninga og lán á gripum á sýningar og gerð varðveislusamninga sem því tengjast. NÍ mun áfram hafa

umsjón með útlánum á eintökum og gripum vegna rannsókna.

10. NMSÍ hafi yfirumsjón með að útvega gripi til skóla vegna kennslu og annarra almennra nota.
11. NMSÍ og NÍ hafi með sér náðið samstarf um miðlun upplýsinga fyrir almenning á vefnum.
12. NÍ og NMSÍ setji formlegan samráðshóp á laggirnar til að tryggja samstarf stofnananna.

Reykjavík, 22. október 2012.

f.h. Náttúrufræðistofnunar Íslands,



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri

f.h. Náttúruminjasafns Íslands,



Margrét Hallgrímsdóttir, settur safnstjóri

Notað:  
